

Sþ.

39. Tillaga til þingsályktunar

[37. mál]

um fjárlagaáætlanir.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að gera fjögurra ára áætlun um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs, miðað við gildandi lagaskuldbindingar og tekjuheimildir og aukningu ólögbundinna út-

gjaldaliða með hliðsjón af fenginni reynslu. Verði að því stefnt, að fjárlagaáætlanir þessar geti fylgt næsta fjárlagafrumvarpi.

Greinargerð.

Í þeim löndum, þar sem gerð þjóðhagsáætlana er lengst komin, hafa menn gert sér grein fyrir nauðsyn þess að gera nokkurra ára áætlanir fram í tímann um sennilega þróun ríkisbúskaparins. Hefur þetta einnig komið til athugunar hérlendis, en varð ekki við komið fyrr en eftir þá miklu breytingu á gerð fjárlaga og ríkisreiknings, sem framkvæmd var í samræmi við lög um þetta efni frá árinu 1966.

Á hverju þingi eru settir margvíslegir lagabálkar, bæði að tilhlutan ríkisstjórnar og þingmanna, sem oft hafa í för með sér stórfelld útgjöld fyrir ríkissjóð. Stundum er löggjöf þessi harla meinleysisleg, þótt hún í framtíðinni leiði til mikilla útgjalda, og því miður gera menn sér sjaldnast grein fyrir því, þegar verið er að samþykkja lög, hvaða fjárskuldbindingar felast í þeim. Flest eru mál þessi þörf og horfa til umbóta, en það er naumast ofmælt, að þegar upp er staðið að loknu hverju þingi, þá hafi hvorki ríkisstjórn né þingmenn neitt raunhæft yfirlit um þær framtíðarskuldbindingar, sem þingið hefur samtals bundið ríkissjóði, umfram þær upplýsingar, sem er að finna í fjárlögum fyrir næsta ár.

Útgjöld ríkissjóðs vaxa nú svo stórkostlega ár frá ári, að uggvænlegt má telja. Gera verður þó hér greinarmun á útgjaldaauka vegna verðbólgu að vissu marki, sem jafnan leiðir einnig til tekjuauka að krónutali, og þeim löggjafarákvörðunum um aukin útgjöld til framkvæmda eða þjónustu við þjóðfélagsborgarana, sem átt er við hér að framan. Gera þarf einnig greinarmun á útgjöldum, sem síðar leiða til aukinna þjóðartekna, og útgjöldum, er valda aðeins auknum kvöðum fyrir ríkissjóð.

Við mat þess, hvort opinberar álögur á borgarana, — og er þá bæði átt við gjöld til ríkis, sveitarfélaga og aðrar opinberar álögur, — þróast með varhuga-verðum hætti og fela í sér raunverulega auknar kvaðir, verður að hafa hliðsjón af hlutfalli opinberra gjalda af þjóðartekjum og þjóðarframléiðslu. Ísland er enn ekki meðal þeirra ríkja, sem stærstan skerf taka af þjóðarframléiðslu til opinberra þarfa, en því miður er þó um varhugaverða aukningu að ræða.

Um það ætti naumast að vera ágreiningur, hversu gagnlegt það væri að hafa nokkurra ára yfirlit um sennilega þróun ríkisbúskaparins um nokkurra ára skeið fram í tímann, þegar menn standa andspænis því að meta, hvort fært sé að leggja nýjar kvaðir á ríkissjóð, en í því efni sýnast kröfurnar sízt fara minnkandi. Margt væri vissulega æskilegt að gera í umbótaátt, sem getur kostað verulegt fé. Vera kann að sum þau mál þyki svo mikilvæg, að rétt þyki að lögfesta þau, jafnvel þótt þau krefjist vaxandi hluta af þjóðartekjum til opinberra þarfa. En reynslan hefur sýnt, að næstum er ógerlegt að stíga skrefið til baka, eftir að útgjöld hafa verið lögfest, og því er það hin brýnasta nauðsyn að hafa sem bezta yfirsýn yfir hinar fjárhagslegu afleiðingar, þótt menn að vísu geti þá ekki lengur haft þá afsökun að hafa ekki vitað, hvert stefndi.

Ýmsir kunna að segja, að engar raunhæfar fjárlagaáætlanir nokkur ár fram í tímann sé hægt að gera í landi með jafnóstöðuga efnahags- og verðlagsþróun og er hér á landi. Auðvitað er þetta vandasamt og byggja verður á mörgum óvissum forsendum, sem árlega þarf að endurskoða, svo sem háttur er í þeim löndum, þar sem slíkar fjárlagaáætlanir eru gerðar. En engu að síður á að vera auðið að draga upp sennilega glögga mynd af þróuninni, og þessi áætlanagerð gæti jafnvel stuðlað að heilbrigðari fjármálaþróun.